



Frið verðlaunafhendingu móts sem hjónin stóðu fyrir á Flying C. Ásta er þarna kompaktur sigurvegari en Will hefur þurft að láta sér nægja bronsið í þetta sinn.

mikinn aðgang að reiðleiddum, því rið ég mikið innan lóðar búgarðsins. Það hjálpar mér líka að Dynjandi hefur ekki mikla þörf á þannig reið, honum virðist vera alveg sama þótt hann hafi takmarkaðar reiðleidir til að spretta úr spóti. Hann virðist aldrei verða leiður og það auðveldar þjálfunina mikið. Ég fer með hann einu sinni í viku á vatnsbretti og teymi hann líka. Hann er afar samstarfsfús og finnst gaman að vinna. Við erum mjög góðir vinir," segir Ásta sem hefur auðheyranlega sérstakt dálæti á Dynjanda. „Ég viðurkenni alveg að hann er dekurbarnið mitt og hefur alltaf fengið mikla athygli frá mér. Ég þjálfá hann ekkert mjög stíft, heldur einbeiti ég mér meira að því að viðhalda gleðinni og þjálfá þolið, sem er grundvöllur þess að hann haldi þessum miklu hreyfingum á töltinu. Honum finnst líka svakalega gaman þegar ég tek hann og vin hans í hringgerði og leyfi þeim að hlaupa. Þá ylftrar í honum af gleði," segir Ásta.

#### Íslandshestamennskan í Kaliforníu

Hjónin Ásta og Will Covert hafa undanfarin ellefu ár búið á Flying C búgarðinum sem er í miðju Kaliforníuríki. Að sögn Wills og Ástu er mesti fjöldinn af íslenskum hestum í Bandaríkjunum þar, eða um sjö hundruð til þúsund hestar. Á búgarði hjónanna hafa þau byggt upp góða aðstöðu til tæmninga og sýninga. Flying C búgarðurinn stendur á

fimm ekru landi (um tveir hektarar), þar sem hver ekra er rækilega nýtt. „Við erum með 300 metra skeiðbrauc og 200 metra völl og nýjan 250 metra völl. Þá erum við með hringgerði með þaki og lítil gerði þar sem hestarnir eru geymdir. Þá er einn reiðvegur allan hringinn í kringum landið," segir Will.

Sjálf sjá þau um þrjátíu íslensk hross og fá eitt til þrjú folöld á ári í samstarfi við vinkonu sína, Anne-Marie Martin. „Við erum með þrjár merar í undaneldi, tvær af þeim eru fyrstu verðlauna merar og ein gömul keppniseri. Við höfum mest notað stóðhestinn okkar, Hrafn frá Gardabæ. Hann hefur reynt okkur vel og passar merunum okkar. Auk þess höfum við fengið sæði frá Pegasus frá Skyggni og Stíganda frá Leysingjastöðum II sent frá Kentucky og New York. Til þess að eiga eitthvað meira val á stóðhestum, þá þurfum við að grípa til þess ráðs að fá sent sæði með hraðsendingum," segir Will. Starfsemi Ástu og Wills byggist á tæmningu hrossa, reiðkennslu auk umönnunar og þjálfunar taminna hrossa fyrir hestamenn sem elcki hafa færi á að sinna hrossum sínum nema um helgar. Þau telja Íslandshestamennsku eiga nokkuð erfitt uppdráttar í Kaliforníu. „Við höfum hesta í þjálfun fyrir fólk sem kemur um helgar og riður út. Í Kaliforníu er svo margt að gera, þar er hægt að stunda margs konar íþróttir og útvistarmöguleikarnir nær óendanlegir. Við

sjáum þó alltaf eitthvað af nýju fólk í hverju ári en það samsvarar kannski þeim fjölda sem við sjáum líka detta úr hestamennsku á hverju ári. Við höfum staðið fyrir mótum þrisvar á ári og þá hafa að jafnaði þrjátíu keppendur tekið þátt," segir Will en fyrsta mót ársins í Bandaríkjunum fór fram á Flying C búgarðinum um miðjan apríl.

Ásta segir það vera nokkuð erfitt að byggja upp keppnisferil í Bandaríkjunum vegna fárra keppnistækifæra. „Við erum svolítið einangruð og fáir vita af okkur. Ekki er boðið upp á mörg WR [World Ranking] mót í Bandaríkjunum og oft þarf að ferðast langar leiðir ef slík mót eru haldin. Við höfum þó haldið mót á búgarðinum okkar. En þó er kannski bæði vont og gott að fara á svona fá mót, því hesturinn verður aldrei þreyttur á keppnum. Auk þessara móta fáum við til okkar dómara frá Heimsmeistaramótum á hverju ári, til að reyna að fá einhvers konar samanburð og vita hvar við stöndum."

Ásta stefnir með Dynjanda á Heimsmeistaramótið í Austurríki í ár. „Dynjandi er betri í dag en hann var á sama tíma fyrir tveimur árum. Hann er jafnari og stöðugri og ég þekki hann líka betur. Eftir keppnina árið 2009 hef ég meiri trú á sjálfri mér." Það er því ljóst að Ásta og Dynjandi eru líkleg til stórra hluta í Austurríki í sumar.